STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1993

2. desember 1993 945 Nr. 481

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 4. desember 1993 til og með 31. desember 1993, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°30'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður af Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 4. desember 1993 til og með 30. apríl 1994, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 64
Steindórsprent Gutenberg hf.